HÚSAKÖNNUN

Vatnsendahvarf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Nordic
Office of
Architecture

Húsakönnun 2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Júní 2023
Unnið fyrir Skipulagsdeild Kópavogs.
Unnið af Nordic–Office of Architecture.
Forsíðumynd: loftmynd af svæðinu. Vefslóð: https://map.is/kopavogur
Afritun einstakra hluta skýrslunnar er leyfileg sé getið heimildar. Afritun skýrslunnar í heild eða heilla kafla með ljósmyndum, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er einungis heimild að fengnu skriflegu leyfi Skipulagsdeildar Kópavogs.

Efnisyfirlit

Inngangur **4**

Svæðið **5**

Sagan **7**

Ríkisútvarpið 7

Hernámið 9

Varðveislumat **11**

Niðurstöður 12

Húsaskrá **13**

Fjarskiptastöð 13

Mastur – norður 14

Mastur – suður 15

Mastur við útvarpsstöð 16

Tækjaskýli 17

Heimildaskrá **18**

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.10 2026

Inngangur

Húsakönnun fyrir Vatnsendahvarf er unnin að beiðni Skipulagsdeildar Kópavogs samhliða vinnu við deiliskipulag. Mörk svæðisins sem húsakönnunin nær til eru þau sömu og mörk deiliskipulagsins og könnunin nær utan um þau mannvirki sem eftir eru innan skipulagssvæðisins.

Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 skal húsakönnun unnin samhliða vinnu við deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Þar kemur m.a. fram *„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar…“*

Könnunin skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er stutt samantekt um svæðið. Í öðrum hluta er lagt mat á varðveislugildi eina hússins sem eftir stendur á hæðinni. Í þriðja hlutanum er húsaskrá þar sem gerð er grein fyrir helstu atriðum varðandi húsið og þrjú möstur sem eftir eru á svæðinu.



Mynd 1. Afmörkun svæðisins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Svæðið

Skipulagssvæðið er um 29 ha og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda í Kópavogi. Vatnendahvarfið, sem einnig er þekkt sem Vatnsendahæð, liggur hæst 146 m.y.s. og liggur hærra í landinu en aðliggjandi svæði og er því mjög berskjaldað fyrir veðri og vindum en með mikið útsýni til allra átta. Svæðið er að mestu aflíðandi og nær óbyggt, utan fjarskiptamastra og tilheyrandi mannvirkja en um áratugaskeið hefur verið aðstaða efst á hæðinni fyrir útsendingar og fjarskipti sem mun víkja fyrir íbúðabyggð. Restin af svæðinu hefur lengi verið útivistarsvæði fyrir íbúa, útsýnisstaður og leiksvæði barna.

Mynd 2. Loftmynd frá 1996 frá map.is/kopavogur.

Ein bygging tengd fjarskiptum stendur eftir norðarlega á svæðinu og er það byggingin sem þessi húsakönnun nær til ásamt möstrum sem eftir eru. Húsið er kallað radíófjölsímahús í fasteignaskrá en hefur ýmist verið kallað fjarskiptastöð eða útvarpsstöð á teikningum og hefur verið partur af starfseminni á hæðinni frá árinu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

1934. Í dag hýsir húsið starfsemi Mílu og mun líklega halda því áfram í nokkur ár áður en það verður látið víkja fyrir íbúabyggð.

Árið 2002 var undirritaður samningur milli Kópavogs og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs um kaup á landsvæði í Vatnsendahvarfi og Rjúpnahæð sem nam um 150 hekturum lands. Sá samningur náði hins vegar ekki utanum þann hluta svæðisins sem hýsti útvarpsútsendingar, þeir 7,5 hektarar voru áfram í eigu ríkisins áður en samkomulag náðist um kaup Kópavogs á því landsvæði árið 2021 og þar með varð allt svæðið í eigu Kópavogsbæjar.

Í nálægð við skipulagssvæðið er að finna margvíslega þjónustu og útivistarsvæði, m.a. íþróttasvæði Kórsins, Elliðavatn, Guðmundarlund, fjölda leikskóla, grunnskóla, heilsugæslu, hótel og aðra veslun og þjónustu. Umhverfis Vatnsendahæðina sjálfa mætast eldri og nýrri hverfi. Norð-vestan við hæðina eru einbýlishúsaþyrpingar sem eru hluti af Seljahverfinu í Breiðholti, þar byggðist meirihlutinn í kringum 1980. Sú byggð sem umlikur hæðina Kópavogsmegin, Kórahverfið og Hvörfin, byrjaði að rísa árið 2003 og er að mestu risin í dag að frátöldu athafnasvæðinu norðan við svæðið en það er enn í byggingu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Sagan

Ríkisútvarpið

Aðkoma fyrir keyrandi að svæðinu í dag er um Útvarpsstöðvarveg frá Reykjavík og upp á Vatnsendahæðina þar sem Útvarspsstöðin var staðsett. Útvarpsstöðin var eitt helsta kennileiti svæðisins, en hún ásamt fleiri mannvirkjum hafa vikið á undanförnum misserum. Rekstri stöðvarinnar hefur því verið hætt og hluti starfseminnar hefur verið flutt annað, s.s. á Úlfarsfell. Útvarpsstöðin var byggð árið 1929-1930 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar húsasmíðameistara ríkisins. Byggingin var fyrsta sendistöð Ríkisútvarpsins ásamt tveimur 150 m háum stálmöstrum og tæknibúnaði og markaði það mikilvægan áfanga í fjarskiptasögu landsins. Ríkisútvarpið byrjaði tilraunaútsendingar frá stöðinni á Vatnendahæð árið 1930 og seinna sama ár var stöðin formlega tekin til starfa við hátíðlega opnun með mikillri dagskrá. Viðstaddir athöfnina voru m.a. ráðherrar, sendiherrar erlendis frá og krónprinshjónin. Krónprinsessan kveikti á stöðinni með því að hleypa raforku á nýju vélarnar og í framhaldinu sagði Friðrik krónsprins nokkur orð.



Mynd 3. Mynd af ferlir.is. Séð frá Elliðavatni.

Tækjabúnaður útvarpsins hefur alltaf verið hýstur í byggingunni. Aflið byrjaði i 16 kílóvöttum og var þá hægt að hlusta á útvarpið um mest allt land. Á næstu árum voru tæki og búnaður útvarpsins uppfærð smátt og smátt og árið 1935 var komið á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

sambandi við útlönd sem þótti mikill áfangi. Árið 1937 var afl útvarpsstöðvarinnar komið upp í 100 kílóvött og þar með orðin ein af sterkustu útvarpsstöðvum á Norðurlöndunum.

Miklar breytingar og framfarir voru á útvarpi landsmanna fyrstu áratugina eftir að lög voru sett árið 1928 sem heimiluðu ríkisstjórninni rekstur á útvarpi. Ári seinna var fyrsta útvarpsráðið skipað og árið 1930 var Jónas Þorbergsson skipaður útvarpsstjóri og ný lög sett um útvarp ríkisins samhliða opnun útvarpsstöðvarinnar á Vatnsendahæð. Stór tímamót voru þegar segulbandstækin komu á markað árið 1950 og aftur átta árum seinna þegar FM-útsendingar hófust frá Vatnsendahæð. Ríkisútvarpið byrjaði undirbúning á íslensku sjónvarpi árið 1964 og hófst útsending sjónvarpsdagskrár tveimur árum seinna, fyrst svarthvítt og svo í lit árið 1977.

Mynd 4. Mynd af ferlir.is. Útvarpsstöðin sem var staðsett efst á hæðinni en hefur nú verið rifin.

Eitthvað hafði verið um útvarpsstöðvar áður en stöðin á Vatnsendahæð reis. Árið 1926 var reisti Ottó B. Arnars lítla útvarpsstöð í Reykjavík. Hún var vinsæl meðal landsmanna en var fremur lítil og ófullkomin og entist því aðeins í tvö ár. Á sama tíma var starfrækt útvarpsstöð á Akureyri, menn frá Bretlandi voru hluti af þeirri starfsemi en raunveruleg útvarpsstarfsemi byrjaði aldrei þaðan. Á sama tíma og Ríkisútvarpið byrjaði með starfsemi sína á Vatnsendahvarfi var reist endurvarpsstöð á Eiðum fyrir Austfirðinga en þar voru tíðar truflanir frá erlendu útvarpsstöðvunum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026



Mynd 5. Mynd af ferlir.is. Gömul mynd af möstrum á Vatnsendahæð.

Hernámið

Árið 1940 urðu miklar breytingar á götum Reykjavíkur og nágrennis. Bretar hernámu landið um vorið þegar fjögur herskip komu að bryggju í Reykjavík með nokkur þúsundir hermanna og stuttu seinna voru þeir orðnir 25.000 talsins. Með þessum mikla fjölda fylgdu ýmsar framkvæmdir, herinn þurfti húsaskjól sem var leyst með innflutningi á um 6000 bröggum og byggingu braggahverfa. Herinn tók líka undir sig nokkrar byggingar í Reykjavík, m.a. hótel Borg og Landsímahúsið við Austurvöll þar sem Ríkisútvarpið var til húsa. Ríkisútvarpið var strax undir miklu eftirliti eftir að bresku hermennirnir námu land, allt sem var spilað í útvarpinu var ritskoðað, bæði fréttir og auglýsingar, þannig var útilokað að Þjóðverjar gætu notfært sér eitthvað sem færi þar í gegn. Aðrar framkvæmdir voru meðal annars lagning flugvallar í Vatnsmýrinni og lagning vega. Á þessum tíma var Ísland eitt af fátækustu löndum Evrópu með hátt hlutfall atvinnuleysis, en það tók enda við allar þessar framkvæmdir breska hersins. Skortur varð á vinnuafli og herinn tók að ráða íslendinga í vinnu, bretavinnu, sem var vel borguð og vinsæl vinna.

Ýmis svæði í Reykjavík og nágrenni voru mikilvæg fyrir herinn, sum þeirra voru hluti af varnarkerfi annarra svæða, svosem flugvalla, og önnur vöktu athygli hersins fyrir mögulega lendingarstaði þýska hersins. Við Vatnsenda voru reistar 30

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

manna herbúðir í þeim hluta Seltjarnarneshrepps sem seinna varð Kópavogshreppur. Búðirnar voru reistar við Loftskeytasendistöð Landssíma Íslands í Vatnsendahvarfi fljótlega eftir af herinn nam land. Vatnsendahvarf var ein af mikilvægustu hæðunum fyrir herinn, ásamt Breiðholtshvarfi og Vatnsendahlíð. Vestan og sunnan við þessar hæðir voru fleiri herbúðir og geymslur fyrir sprengjur.

Frá Vatnsendahvarfi var möguleiki að sjá helstu vegi á Suðurlandi, Vesturlandi og Suðurnesjum. Helsta leið hersins að Vatnsendahvarfi lá frá krossgötum, Chasing Cross, rétt við Bústaðabæinn, í suður um Breiðholtsland. Þaðan lá hún inn í Vatnsendaland og að útvarpsstöðinni um Útvarpsstöðvarveg.



hafnarbakkann. Setti hann þegar á land herlið, sem gekk fylktu liði alvopnað inn í bæinn. Herliðið tók sér þegar varðstöðu við Þósthúsið, Landsímahúsið þar sem útvarpið einnig starfar og á ýmusm gatnamótum og við höfnina. Landsímahúsið var læst er breska herliðið bar þar að. Var hurðin sprengd upp, og tóku Bretar allo símaafgreiðslu í sínar hendur, og var slitið símasambandi til og frá Reykjavík.

Breskt herlið lagði undireins leið sína að bústað þýska ræðismannsins og umkringdi þau gistihús, sem þýsir sjómenn hafa undanfarið dvalist í. Voru Þjóðverjarnir teknir höndum, og fluttir ásamt ræðismanni Þjóðverja um kl. 9 ut í eitt herskipið.

Í glugga á Landsímastöðinni og víðar var fest upp svohljóðandi tilkynning: Sömul. var hún afhent mörnum á götum um

Breskur herafli er kominn snemma í dag á herskipum og eru núna í borginni. Þessar ráðstafanir hafa verið gerðar bara til þess, að taka sem fyrst nokkrar stöðvar, og að verða á undan Þjóðverjum.

Við Englendingar ætlum að gera ekkert á móti íslenzku landsstjórninni og íslenska fólkinu. En við viljum verja Ísland gegn örlögum, sem Danmörk og Noregur urðu fyrir. Þessvegna biðjum við yður, að fá okkur vinsamlegar viðtökur og að hjálpa okkur.

Á meðan við erum að fást við Þjóðverja, sem eru í Reykjavík,

Mynd 6. Mynd af ruv.is. Handrit að frétt Ríkisútvarpsins um hernámið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Varðveislumat

Tilgangur húsakannana er að leggja mat á varðveislugildi byggðar og einstakra húsa á svæði sem verið er að vinna deiliskipulag á eða til stendur að vinna deiliskipulag á. Þegar lagt er mat á varðveislugildi byggðar eru fimm þættir metnir: Listrænt gildi (byggingarlist), menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalegt gildi og tæknilegt ástand. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Til þess að meta húsið voru ýmis gögn notuð. Flest gögn komu frá teikningasafni Kópavogs. Þar mátti finna nokkrar teikningar sem til eru á skrá um byggingarnar sem hafa risið á svæðinu. Eftir öflun gagna voru upplýsingar færðar inn á húsaskráningaforrit sem gefið er út af Minjastofnun Íslands. Skýrslan sem er í þessu skjali kom þaðan. Hún inniheldur meginupplýsingar og mat á húsinu.

Varðveislugildi byggðar og húsa er aldrei endanlegt. Breytingar eða nýjar upplýsingar geta leitt til endurmats og breytt varðveislugildi sem þegar hefur verið gefið.



Mynd 7. Verndarflokkar húsa og mannvirkja samkvæmt lögum um menningarminjar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026



Mynd 8. Varðveislumat húsa og mannvirkja.

Niðurstöður

Ekki er lagt til að húsið verði verndað og er það metið með lágt varðveislugildi. Húsið er ekki í góðu standi og listrænt gildi þess er metið lágt. Menningarsögulegt gildi þess er metið miðlungs því húsið var hluti af merkilegri fjarskiptasögu svæðisins. Umhverfisgildið er hins vegar lágt þar sem húsið er ekki lengur hluti af staðarmynd líkt og það var áður ásamt útvarpshúsinu og öðrum mannvirkjum. Nú stendur húsið eitt eftir í jaðri svæðisins á hæð sem hefur breyst mikið á síðustu árum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Byggingarár: 1934 Vatnsendahæð Míla - fjarskiptastöð

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Fjarskiptastöð
Núverandi notkun: Fjarskiptastöð

Mynd tekin 2023 af Nordic.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útveggir:		Múrsléttað
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)
Þakklæðning:		Pappi
Undirstaða:	Steinsteypt	
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga:

Húsið hefur alltaf verið nýtt fyrir fjarskipti en á Vatnsendahæð voru fleiri mannvirki í svipuðum tilgangi, þar var t.d. Útvarpsstöðin sem var fyrsta sendistöð Rikisútvarpssins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Byggingartækni og efnisval eru hefðbundin. Steinsteypt hús með einhalla þaki á einni hæð. Lágt listrænt gildi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið var reist fyrir fjarskiptaþjónustu og var hluti af mikilvægri fjarskiptasögu staðarins ásamt öðrum mannvirkjum á svæðinu.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið var partur af staðarmynd ásamt Útvarpshúsinu en stendur eitt eftir ásamt nokkrum möstrum og minni mannvirkjum.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Líklega hafa litlar breytingar verið gerðar á húsinu, mögulega hefur orðið breyting á lit og/eða efnisvali utanhúss.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er ekki í góðu standi. Ytra byrði orðið lélegt og búið að loka fyrir alla glugga.
Varðveislugildi:	Lágt	Húsið er ekki í góðu standi, það er með lágt listrænt gildi og ekki talið mikilvægt fyrir nærliggjandi umhverfi.
Verndarflokkar:	Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Byggingarár: 1981 Vatnsendahæð Fjarskiptamastur

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Fjarskipti
Núverandi notkun:

Mynd tekin af Nordic 2023

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stálgrind	Stálgrind		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt			
Útlit:				

Saga:

Fjarskiptamastur norðarlega á Vatnsendahæð við hlið Fjarskiptastöðvarinnar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Byggingarár: 2020 Vatnsendahæð Fjarskiptamastur

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: VBV verkfræðistofa
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Fjarskipti
Núverandi notkun:

Mynd tekin af Nordic 2023

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stálgrind	Stálgrind		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt			
Útlit:				

Saga:

21 metra hátt fjarskiptamastur sunnarlega á Vatnsendahæð við hlið tækjaskýlis.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Byggingarár: 1981 Vatnsendahæð Fjarskiptamastur

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Fjarskipti
Núverandi notkun:

Mynd tekin af Nordic 2023

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stálgrind	Stálgrind		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt			
Útlit:				

Saga:

Fjarskiptamastur efst á Vatnsendahæð, var við hlið Útvarpshúss sem var á hæðinni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Byggingarár: 2020 Vatnsendahæð Tækjaskýli

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: VBV verkfræðistofa
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Fjarskipti
Núverandi notkun: Fjarskipti

Mynd tekin af Nordic 2023

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:	Stálplötur			
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:	Steinsteypt			
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga:

Tækjaskýli við hlið masturs sunnarlega á hæðinni fyrir fjarskiptabúnað.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026

Heimildaskrá

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vatnsenda*. 2022.

Borgarvefsjá Reykjavíkur. Vefslóð: https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/ .

Fasteignaskrá á vef Þjóðskrár Íslands: http://www.skra.is/ .

Kópavogur. *Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040.*

Pétur H. Ármannsson. *Guðjón Samúelsson húsameistari*. Reykjavík 2021.

Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Vefslóð: http://map.is/skipulag/.

Teikningasafn Kópavogs: http://www.map.is/kopavogur/ .

Vefur Ferlis. Vefslóð: https://ferlir.is/langbylgjustodin-utvarpshusid-a-vatnsendahaed/

Vefur Ferlis. Vefslóð: https://ferlir.is/hernamid-og-ornefni/

Vefur Ferlis. Vefslóð: https://ferlir.is/tag/vatnsendahaed/

Vefur Morgunblaðsins. Vefslóð: https://www.mbl.is/myndasafn/mynd/80344/

Vefur Ríkisútvarpsins. Vefslóð: https://www.ruv.is/frettir/erlent/2020-05-10-80-ar-fra-hernami-islands

Vefur Stjórnarráðs Íslands. Vefslóð: https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/07/02/Samkomulag-um-aukna-ibudabyggd-a-Vatnsendahaed/ .

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.10 2026